

kristin@lex.is

---

**Til** : Laufey Helga Guðmundsdóttir  
**Frá** : kristin@lex.is  
**Heiti** : 20.Afrit lögreglukæru Karls Gauta Hjaltasonar 27.9.2021  
**Málsnúmer.** : 2110006  
**Málsaðili** : Alþingi  
**Efnisflokkur** : Upplýsingar  
**Skjalategund** : Innkomið skjal  
**Skráð dags** : 6.10.2021  
**Skráningaraðili** : Landskjörstjórn

### Viðhengi

[LEX\\_3b9abb81-b172-42d2-bc56-89d4e242e454.png](#)

[LEX\\_undirskriftarbanner2020\\_379x190\\_b5865007-6494-4cb0-a80a-dd9d46ad61e1.jpg](#)

[Kæra KGH - 27 Sep 2021 - 13-21.pdf](#)

Sent úr farsíma / Sent from mobile

### Kristín Edwald

Lögmaður - Eigandi / Attorney - Partner



Borgartún 26 | IS-105 Reykjavík  
Beint/Direct + (354) 590 2625 | GSM + (354) 898 3040  
Sími/Tel + (354) 590 2600 | [lex@lex.is](mailto:lex@lex.is) | [www.lex.is](http://www.lex.is)  
[Skilmálar / Disclaimer](#) | [Persónuverndarstefna / Privacy Policy](#)



Begin forwarded message:

**From:** Karl Gauti Hjaltason  
**Date:** 27 September 2021 at 13:35:20 GMT  
**To:** [vesturland@logreglan.is](mailto:vesturland@logreglan.is)  
**Cc:** Kristín Edwald  
**Subject:** FW: Kæra skönnuð og undirrituð

?

**Lögreglustjórinn á Vesturlandi**

Hér meðfylgjandi er kæra undirritaðs sem varðar framkvæmd talningar  
hjá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis í Alþingiskosningunum 25. september s.l.

Þess er óskað að lögreglan rannsaki meint brot á kosningalögum, eins og  
rakið er í kærinni.

Þess er óskað að rannsókn hefjist á tafar af augljósum ástæðum.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Virðingarfyllst.,

Karl Gauti Hjaltason, kt. 310559-5559

Grófarasmári 15

Kópavogi

Afrit af kærinni er sent formanni Landskjörstjórnar

Kristínar Edwald hrl.,

Lögreglustjórinn á Vesturlandi,  
Bjarnarbraut 2,  
210 Borgarnesi.

## KÆRA TIL LÖGREGLU

Kópavogur, 27. september 2021.

Efni: Kæra til lögreglu samkvæmt 119. grein laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 vegna talningar atkvæða í Norðvesturkjördæmi í Alþingiskosningum 25. september 2021.

Ég undirritaður Karl Gauti Hjaltason, kt. 310559-5559 með vísan til 119. grein laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 kæri hér með til lögreglu vegna mögulegra lögbrota við framkvæmd talningar yfirkjörstjórnar á greiddum atkvæðum í Norðvesturkjördæmi við Alþingiskosningarnar 25. september sl. Greint hefur verið frá málinu í fjölmiðlum.

Málavextir virðast vera þessir: Um kl. 7 að morgni sunnudagsins 26. september sl. tilkynnti formaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis lokatölur kjördæmisins. Af ástæðum sem engin haldbær skýring hefur fengist á, ákvað yfirkjörstjórn að telja öll greidd atkvæði í kjördæminu á nýjan leik.

Samanburður talningar sem birtust sem lokatölur og endurtalningar vekur upp fjölmargar spurningar, ekki síst í ljósi þess að formaður yfirkjörstjórnar hefur staðfest í fjölmiðlum að ekki var gengið frá greiddum atkvæðum í samræmi við 104. gr. kosningalaga.

Nauðsynlegt er að upplýsa með óyggjandi hætti þá atburðarás sem átti sér stað bæði við talningu atkvæða sem og endurtalningu þeirra í Norðvesturkjördæmi vegna kosninganna.

\*\*\*

Nánar tiltekið tel ég að sérstaklega þurfi að rannsaka eftirfarandi:

1. Hvernig staðið var að talningu atkvæða kvöldið 25. september og aðfararnótt 26. september sl. þangað til lokatölur voru birtar. Var einhver skekkja í talningunni þegar ákveðið var að birta lokatölur? Einnig þarf að sannreyna með hvaða hætti gengið var frá greiddum atkvæðum eftir að lokatölur voru tilkynntar. Fram hefur komið í fjölmiðlum að atkvæðin hafi verið skilin eftir, óinnsiglið, í sal hótels í Borgarnesi. Fullyrt er að salurinn hafi verið læstur, hversu margir inngangar voru að salnum. Upplýsa þarf hverjir höfðu lykil að salnum, hvort yfirkjörstjórn hafi

- látið skipta um sílender á lásum fyrir talningu, hvort og þá hverjir fóru inn í salinn milli þess að lokatölur voru birtar og endurtalning hófst, svo nokkuð sé nefnt. Einnig hvernig háttað var læsingu á gluggum á húsnæðinu, ef um það er að ræða.
2. Hvernig var staðið að ákvörðun um endurtalningu sem var svo gerð síðdegis hinn 26. september sl. Nauðsynlegt er að upplýst verði um
- tilefni ákvörðunar um endurtalningu, kom fram beiðni um endurtalningu og þá frá hverjum,
  - form og feril ákvarðana yfirkjörstjórnarinnar þ.e. af hverju var ákveðið að telja atkvæðin á ný,
  - var ákvörðunin tekin á formlegum fundi í yfirkjörstjórn, hverjir voru viðstaddir þann fund,
  - var umboðsmönnum framboða tilkynnt um endurtalningu áður en hún hófst? Vísbendingar eru um að umboðsmönnum framboðslista hafi ekki verið tilkynnt um endurtalninguna og þar með brotið á lögvörðum hagsmunum þeirra til eftirlitshlutverks síns.

\*\*\*

Fyrir liggur að yfirkjörstjórn gaf út yfirlýsingum um lokatölur úr kjördæminu kl. 7:40 morguninn 26. september sl. Farið er fram á að rannsakað verði hvernig yfirlýsingu var háttað um lokatölur úr kjördæminu sem og einnig hvernig bókun í gerðabók yfirkjörstjórnarinnar er skráð varðandi lokatölurnar. Einnig þarf að upplýsa hvort eitthvert ósamræmi var í lokatölunum sem gaf yfirkjörstjórn tilefni til að hafa áhyggjur af lokatölunum. Ef svo var, af hverju voru lokatölur birtar í stað þess að telja strax aftur til afstemmingar?

Undirritaður telur að rannsaka verði sérstaklega hvernig umbúnaði var háttað á talningastað, hvort og þá hvernig atkvæði voru innsigluð eins og áskilið er í 104. grein kosningalaga, sérstaklega á meðan yfirkjörstjórn var ekki á vettvangi eftir að lokatölur voru birtar. Það mun hafa verið í um 6 klukkustundir sem kjörgögn voru án eftirlits og óinnsigluð. Það liggur því fyrir að ekki var staðið að varðveislu kjörgagna eins og kosningalög bjóða, eftir að lokatölur voru birtar. Því þarf að upplýsa um allar mannaferðir á staðnum eftir að yfirkjörstjórn vék af vettvangi og hverjir kunna að hafa haft aðgang að kjörgögnunum meðan yfirkjörstjórn var ekki á staðnum.

Þegar tölur þær sem tilkynntar voru sem lokatölur úr kjördæminu að morgni 26. september er bornar saman við tölur sem birtar voru að lokinni endurtalningu kemur í ljós að svo virðist vera sem svo verulegur misbrestur hafi orðið við alla talningu atkvæða að það kallar á sérstaka rannsókn, ekki síst þegar við bætist að ekki er hægt að útiloka að atkvæðum hafi á einhverjum tímamarki í ferlinu verið spillt.

Það sem rennir helst stoðum undir þessa fullyrðingu er að auðum atkvæðaseðlum fækkar um 12 á milli talninga auk þess sem lokatölur allra flokka breytast. Endurtalningin virðist leiða í ljós að verulegur misbrestur hafi verið í upphaflegu talningunni.


Hér að neðan má sjá samanburð á tilkynntum lokatölum og tölum eftir endurtalningu:

Norðvesturkjördaemi-lokatölur og endurtalning			
	Lokatölur <sup>1</sup>	Endurtalning <sup>2</sup>	Breyting
Greidd atkvæði	17.666	17.668	Fjölgar um 2
Auð atkvæði	394	382	Fækkar um 12
Ógild atkvæði	24	35	Fjölgar um 11
<b>Flokkar</b>			
Framsóknarflokkur	4.443	4.448	Fjölgar um 5
Viðreisn	1.072	1.063	Fækkar um 9
Sjálfstæðisflokkur	3.887	3.897	Fjölgar um 10
Flokkur fólksins	1.513	1.510	Fækkar um 3
Sósíalístaflokkur	721	728	Fjölgar um 7
Miðflokkur	1.283	1.278	Fækkar um 5
Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn	72	73	Fjölgar um 1
Píratar	1.082	1.081	Fækkar um 1
Samfylking	1.196	1.195	Fækkar um 1
Vinstri hreyfingin grænt framboð	1.979	1.978	Fækkar um 1
<b>Samtals</b>	<b>17.666</b>	<b>17.668</b>	<b>Fjölgar um 2</b>

\*\*\*

Þess er krafist að málið verði tekið til rannsóknar lögreglu án tafar enda málið þess eðlis. Í því felst m.a. að skýrslur verði teknar af öllum þeim aðilum sem kunna að þekkja til málsins og varpað geta ljósi á atburðarrás þess.

Með virðingu,

  
Karl Gauti Hjaltason

**Afrit:** Landskjörstjórn.

<sup>1</sup> Heimild fyrir lokatölum: RÚV: <https://www.ruv.is/frett/2021/09/26/lokatolur-ur-nordvesturkjordaemi>

<sup>2</sup> Heimild fyrir endurtalningartölum: Skessuhorn: <https://skessuhorn.is/2021/09/26/endurtalningu-lokid-i-nordvesturkjordaemi/>